

BYGGT ÚT FRÁ MANNESKJUNNI

„Það er mikilvægt að gera greinarmun á innra og ytra rými,“ segir Jórunn Ragnarsdóttir arkitekt en sýning á verkum hennar og samstarfsmanna verður opnuð á Kjarvalsstöðum í dag. HEIÐA JÓHANNSDÓTTIR kynnti sér sýninguna.

Úti er ekki inni – inni er ekki úti er yfirskrift sýningar sem opnuð verður í miðrými Listasafns Reykjavíkur – Kjarvalsstaða kl. 16 í dag. Þar er að finna ljósmyndir, teikningar og líkön af byggingum arkitektanna Arno Lederer, Jórunnar Ragnarsdóttur og Marks Oei, sem rekið hafa teiknistofu í Stuttgart um árabil. Jórunn er komin hingað til lands til að fylgja sýningunni úr hlaði en hún hefur m.a. verið sett upp í Galerie Aedes í Berlín og Architekturalerie í München.

Jórunn gekk til liðs við Arno Lederer um rekstur teiknistofu árið 1985, en stofunni var komið á fót árið 1979. Árið 1992 bættist Marc Oei í hópinn og starfar nú fjöldi ungra arkitekta á stofunni undir umsjón þremmenninganna. Á þessum árum hefur stofan mótað sér ákveðinn stíl, hvað varðar efnivið, vinnuáferðir og almenn viðhorf til byggingarlistar. Þessi viðhorf endurspeglast í titli sýningarinnar, „Úti er ekki inni – inni er ekki úti“.

„Þungamiðja arkitektúrs er það verkefni að fást við rými,“ segir Jórunn þegar hún er beðin að útskýra titil sýningarinnar. „Þar er mikilvægt að okkar mati að gera greinarmun á innra og ytra rými. Byggingarlist 20. aldar hefur gjarnan þurrkað þessi skil út, en við höfum gegnsæjum arkitektúr sem berskjaldar innra rýmið og gerir manneskjuna varnarlaus. Hvaða tilgangi þjónar það að finnast maður vera úti við þegar maður er í raun inni? Við viljum skapa hlýlegt andrúmsloft í byggingum sem veitir manneskjunninni öryggi og ákveðin gæði sem hæfa kröfum þeirrar starfsemi sem fram fer í byggingunni. Í byggingarlistasögunni er að finna fjölmörg dæmi um aðgreiningu innra og ytra rýmis þar sem bygging hefur ákveðið ytra útlit, sem gefur ekki endilega upplýsingar um það rými sem er að finna inni við. Kirkjur eru gott dæmi um þetta, þær hafa oft litla glugga en ríkulega birtu og skapa manneskjunninni umhverfi sem er heimur út af fyrir sig, og hrifur hugann. Okkur finnst mikilvægt að skapa innra rými sem veitir skjól og nálægð, því það verður alltaf að hafa það í huga að fyrst og fremst er verið að byggja fyrir manneskjuna. Hún er það viðmið sem við göngum út frá og hana verður að líta á sem skynjandi veru. Hún heyrir, sér, þarf stúfni, finnur lykt og snertir og til þessara þarfa eiga byggingarnar að höfða. Við höfum t.d. nýrri tækni í tölvu- og miðstýrðri loftræstingu sem gerir það að verkum að hvergi er hægt að opna glugga. Við teljum það fela í sér gæði fyrir manneskjuna að geta opnað glugga þegar henni sýnist svo, heyrir muninn á hljóðum vikudagsins og fundið lyktina af loftinu.“

Birta og efni

Grundvöllinn að verkum þeirra Arno Lederer, Jórunnar Ragnarsdóttur og Marc Oei er m.a. að finna í óvenjulegri framsetningu hversdagslegra byggingarefna og forma og markvissri notkun náttúrulegrar birtu. Byggingarlist þeirra er þung og samanstendur af gegnheilum múrsteinsveggjum, sívalningum, kröftugum súlum, keilulaga loftræstingarörum og öllum þeim formum sem brjóta upp lögmál flatarmálsfræðinnar. „Mikilvægur þáttur við sköpun innra rýmis er hugvitsamleg beiting ljóss og leggjum við mikla áherslu á það í okkar hönnun. Það að nýta dagsbirtuna til að auðga samspil forms og flata er forsenda fyrir því að hægt sé að búa til byggingar sem eru lokadar utan frá séð en léttar og bjartar að innan,“ segir



„Það er mikilvægt að gera greinarmun á innra og ytra rými,“ segir Jórunn Ragnarsdóttir arkitekt.



Ljósmynd/Roland Halbe og Ralph Richter

Skólabygging í Ostfildern, hönnuð með það í huga að veita nemendum hlýju og umhverfsgæði.

Jórunn. „Efnisnotkun er annað grunnatriði sem við höfum lagt áherslu á að þróa. Við notum gjarnan hefðbundin efni á borð við stein, steinsteypu, múrstein og timbur, en alltaf á mjög meðvitaðan hátt. Þessi efni kjósum við í veggi umfram t.d. gler og stál vegna þess að þau varðveita vel hita og kulda og eru hagkvæmari. Meðhöndlun múrsteinsins er jafnframt orðin að nokkurs konar kennileiti hjá okkur, því steinninn gefur nýjum byggingum þyngd og sögu, tilfinningu fyrir því að hún hafi lengi verið á sínum stað og eigi heima þar. Það er nefnilega mikilvægt að nýbyggingar geti staðist tímans og ekki síst tískunnar tönn. Það getur verið varasamt að eltaf um of við þau nýju efni sem sífellt er verið að þróa, því mörg þessara byggingarefna og einnig stílar bera svo greinilega með sér merki um ákveðið tímabil, tímabil sem örugglega verður farið úr tísku eftir nokkur ár,“ segir Jórunn.

Ytra og innra rými

Umræddir þættir birtast glögg í byggingunum fjórum sem settar eru fram á myndrænan hátt á sýningunni á Kjarvalsstöðum. Endurbætur og viðbygging sem stofan annaðist á skrifstofum orkustofnunar Þýska ríkisins í Stuttgart á rétta t.d.

þann orkusparnað og þá umhverfsvitund sem felst í þykkum veggjum og litlum gluggum og dyrum. Gluggar eru aðeins hafðir þar sem dagsbirtu er þörf og eru þá oftast opnanlegir. Skóli í Ostfildern sem stofan hannaði hefur hlotið miklar viðurkenningar og var m.a. tilnefndur til Mies Van Rohe-verðlaunanna. Við hönnun hans segir Jórunn að tekið hafi verið tillit til þess að um er að ræða skóla fyrir nemendur þar sem félagsleg vandamál eru tíðari en ella. „Við hjuggum til hlýjan og sérstakan skóla, þó úr hagkvæmum efnum, sem bjóða upp á mikil gæði hvað útsýni, misunandi birtu og annað varðar. Hugmyndin virðist hafa virkað því nemendurnir hafa gert þennan skóla að sínum og umgangast hann af virðingu. Á þeim árum sem liðin eru frá því að hann var tekinn í notkun hafa til dæmis engar skemmdir verið unnar á húsnæðinu, ekki einu sinni veggjakrot. Sú staðreynd að krakkarnir hafa samþykkt bygginguna er mér mun mikilvægari og meiri viðurkenning en það að verða tilnefnd til verðlauna.“

Ytra umhverfi bygginga er þáttur sem Jórunn segir vera mótdandi í útfærslu hverrar byggingar og telur hún samspil skólahússins og íþróttasalarins sem umlykja skólalóðina hafa ráðið úrslitum um að tillaga þeirra vann í samkeppni um hönnun skólans.

Framsetning bygginga á sýningunni markast ekki síst af því að sýna hvernig þær eru skilgreindar út frá innra og ytra rými. Gestahús Kapólsku kirkjunnar í Hohenheim, sem stofa Jórunnar hannaði, er dæmi um þá afstöðu sem tekin er til ytra rýmis ekki síður en hins innra. „Af svæðinu sem byggingunni var ætlað er útsýni yfir fallegan lystigarð. Þegar við höfumst handa við gerð þessara byggingar máttum við þarfir hennar sem svo að þar myndi kirkjan hýsa gesti sína, og mikilvægt væri að sum herbergi væru ekki betri en önnur. Við vildum bjóða gestunum upp á jöfn gæði hvað útsýni yfir garðinn varðar og komum á endanum niður á þá lausn að hanna aflanga bogabyggingu, sem veitti öllum herbergjum sinn skerf af útsýninu. En um leið eru herbergin einföld og látlauus sem kallast á við hugmyndir kirkjunnar og hreinlega það fjármagn sem hún hafði til rástöfunar við þetta verkefni. Meginþunginn í hönnuninni fólst í útfærslu kapellunnar, hjarta byggingarinnar, sem var viðarklædd í hólf og gólf líkt og skartgrípa-skrín. Í þessari byggingu líkt og hinum var umhverfið nokkurs konar grunnforsenda sem við unnum út frá, og máttum í samræmi við þarfir notenda byggingarinnar það fjármagn sem framkvæmdaðilar höfðu til rástöfunar. Þessa þætti höfum við ávallt að leiðarljósi í hönnun okkar,“ segir Jórunn að lokum.

heida@mbl.is

Erlent

Að hætti Shakespeares

THE Globe-útileikhúsið í Lund-únum, sem hefur frá því það var opnað 1997 leitast við að bjóða áhorfendum upp á verk Shakespeares eins og samtímamenn



hans hefðu upplifað þau, stendur nú fyrir sýningum á verkinu Prettándakvöldi. Að venju eru búnningar, tónlist og leikmunir í anda stjórnarara Elísabetar fyrstu. Að þessu sinni hafa stjórnendur leikhússins þó gengið enn lengra en áður og eru öll hlutverk leikin af karlmönnum líkt og hefð var fyrir á tímum Shakespeares. Að sögn leiklistargagnrýnanda *New York Times* fer því þó fjarri að Prettándakvöld minni á þreytt minjasafn fyrir vikið, heldur telur hann verkið sjaldan hafa virkað ferskara.

„Það virðist almennt talið í dag að ef selja eigi Shakespeare þurfi að krydda verkin með nýjungum, svo sem með því að láta Trójus og Kressídu gerast í Víetnamstríðinu,“ segir gagnrýnandinn og segir slíkar uppsetningar stundum varpa nýju ljósi á verkin. Oftar enn ekki yfi þær hins vegar frekar að því að hinn gamli, þreytti Shakespeare þurfi algjöra andlitslyftingu til að virka aðlaðandi. „Hér er hins vegar þessi uppsetning Globeleikhússins og hún glansar eins og nýuppgerð meistaraverk. Hinar sérstöku og flöknu dyggðir Prettándakvölds fá, undir styrki en afslappaðri stjórn Tims Carrolls, að birtast áhorfendum án þess að hafa verið hlaðnar glansáferð eða aukaútskýringum.“

Barcelonabúar hylla Gaudí

ÁRIÐ 2002 hefur verið ár Gaudí í Barcelona og er rúmlega 30 sýningum, hátíðum og tónleikum tileinkuðum arkitektinum dreift



Sagrada Familia.

yfir árið, auk þess sem nokkrar af byggingum Gaudís, er til þessa hafa ekki verið opnar almenningi, hafa nú verið gerðar aðgengilegar. Langt er síðan katalónski arkitektinn Antoni Gaudí öðlaðist heimsfrægð, en meðal hans þekktari verka er Sagrada Familia-kirkjan í Barcelona. Aldrei hefur verið lokið við gerð kirkjunnar og hafa arkitektar og fræðimenn lengi deilt um hvort slíkt skuli gert, en Gaudí lést frá verkinu árið 1926. Byggingar Gaudís höfðu hins vegar sterkt til almennings vegna fantasíukenndrar línulögunar og öfgakenndrar líta- og efnisnotkunar og hafa yfirvöld í Barcelona verið dugleg að nota sérstöðu arkitektisins sem kennileiti borgarinnar.

Meðal þeirra bygginga sem nú hafa verið opnaðar almenningi er Casa Battlo, en húsið teiknaði Gaudí seint á ævinni, og þá hefur lítt þekkt kapella við kirkjuna í Colonia Guell norðvestur af Barcelona, er aldrei var lokið við, einnig verið opnuð. Það var einmitt við byggingu þeirrar kirkju sem Gaudí þróaði tæknina sem síðar var notuð við Sagrada Familia.